



23. árgangur 11. tbl. nóvember 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
Á.b.m: Ásta Stefánsdóttir

JÓLAMARKAÐUR
Kvenfélags Biskupstungna

Laugardaginn 30. nóv. 2024 kl. 13-16 í ARATUNGU

Fallegt handverk af ýmsum toga, matvörur úr héraði, jólavörur og ýmislegt annað spennandi.

Hið víðfræga kaffihlaðborð kvenfélagskvenna verður á sínum stað ásamt hlutaveltunni sem alltaf er stútfull af skemmtilegum vinningum.

Tryggið ykkur söluborð sem fyrst ef þið hafið upp á eitthvað skemmtilegt að bjóða - kvenfelagbiskupstungna@gmail.com eða gsm 699 1234 Andrea



Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jolum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

Oddvitapistill

Bláskógabyggð varð í þriðja sæti sem sveitarfélag ársins fyrir árið 2024. Útnefningin er byggð á grunni niðurstaðna viðhorfskönnunar félagsfólks 10 bæjarstarfsmannafélaga hjá sveitarfélögum á þeirra félagssvæðum og var könnunin gerð í samstarfi við Gallup. Veitt er viðurkenning fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga. Þetta er þriðja árið í röð sem slík könnun er gerð og hefur Bláskógabyggð fengið viðurkenningu á hverju ári. Ég vil óska okkur öllum til hamingju með þessa viðurkenningu. Það er virkilega ánægjulegt að fá svona viðurkenningu og hvetur okkur öll til að gera enn betur á þessu sviði.

Fjölmenningarhátíðin sem haldin var í Aratungu 3. nóvember tókst einstaklega vel í alla staði. Það voru Uppsveitirnar sem stóðu að fjölmenningarhátíðinni en þetta var í fyrsta skipti sem hún var haldin. Það var ánægjulegt hve margir komu í Aratungu þennan dag til að kynna sér og upplifa fjölbreytta menningu frá ýmsum löndum. Hægt var að smakka mat og drykk frá ýmsum heimshornum ásamt því að félagasamtök í Uppsveitum voru að kynna sína starfsemi. Ég held að það sé óhætt að segja að fjölmenningarhátíð sé komin til að vera enda mikilvægt að tengja okkur öll sem búum í Uppsveitum betur saman.

Framkvæmdir hafa gengið ágætlega fyrir sig í haust, veðrið hefur verið þokkalegt það sem af er hausti og því hafa framkvæmdir getað haldið áfram. Gatnagerð og fráveituframkvæmdir eru þau verk sem hægt hefur verið að vinna að uppá síðkastið. Það er óskandi að hægt verði að framkvæma eitthvað lengur inni veturinn, annars frestast verkin fram á næsta vor.

Vinna við fjárhagsáætlun gengur ágætlega, sveitarstjórn, sveitarstjóri ásamt stjórnendum stofnana sveitarfélagsins vinna hörðum höndum þessa dagana að áætluninni. Næsta ár lítur ágætlega út og ég tala nú ekki um þegar stýrivextir og verðbólga eru á niðurleið, en allt skiptir þetta máli í rekstri sveitarfélagsins. Fjárhagsáætlun líkur um miðjan des þegar sveitarstjórn hefur samþykkt áætlunina eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Ökukennsla

B-réttindi, kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang emmcemm@gmail.com

Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufraeðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s: 865-4393 eða netfang ellisifmb@gmail.com.

M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664

Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla

Opið er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.

Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja við á skólatíma.



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í desember 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. desember 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga. Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímapantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



Raggi. ehf

Hópbílar í heimabyggð

Tek að mér allar tegundir hópferða.

Er með 52 til 69 sæta bíla.

Endilega hafið samband. 895 8134

raggi.ehf@gmail.com

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd


Lukkunúmer UMF. Laugdæla er **840** hjá Íslenskri getpá

Kær kveðja frá Ungmennafélagi Laugdæla

Íþróttamiðstöðin í Reykholti

Vetraropnun - Sundlaug og líkamsrækt

12.ágúst – 25.mái s: 4803040



Mán og Mið kl. 14 – 20/ rækt frá kl.10

Þri og Fim kl. 14 – 22/ rækt frá kl.10

Fös kl. 13 – 17/ rækt frá kl.10

Lau kl. 10 – 18

Verið velkomin 😊

The Sport Center in Reykholt

Winter Opening hours – Swimming pool and gym

August 12th – May 25th tel: 4803040

Mondays and Wednesdays 14-20

Tuesdays and Thursdays 14 – 22

Fridays 13-17

Saturdays 10-18

Gym always opens at 10!





Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

HÓLABÚÐIN



Íþróttahús og Sundlaug Bláskógabyggðar
Sports center and swimming pool of Bláskógabyggð
Laugarvatn
Tel: 480 3041

Opnunartímar Opening hours

Sundlaug - Swimming pool

Mon-Thu:

13:00 - 21:00

Friday, Saturday & Sunday:

13:00 - 18:00

Rækt-Gym

Mon-Thu:

10:00 - 22:00


Friday:

10:00 - 18:00

Saturday & Sunday:

13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn



Fjörugt sumar að baki

Það var heldur betur líf og fjör á Sogssvæðinu í sumar. Hátt í 40 ungmenni, flest úr nærsamfélaginu, lifguðu upp á starfseminu og sinntu umhirðu umhverfis, viðhaldi og ýmsum öðrum verkum í og við aflstöðvarnar. Þetta var duglegur og skemmtilegur hópur sem við þökkum kærlega fyrir vel unnin störf og ánægjulega samveru.

Auk ungmennanna voru sex háskóla- og iðnnemar við stöf í virkjununum, nokkrir þeirra í gegnum samvinnu Landsvirkjunar og Fjölbrautaskólans á Suðurlandi.



Gestkvæmt í Ljósafossi

Aðsókn að Ljósafossvelli, frísbíggjvellinum sem vígður var í lok júní, hefur verið góð í sumar en um 3.000 manns hafa sótt völinn heim. Fjöldmörg mót hafa verið haldin, en auk þess hefur umferð annarra gesta verið talsverð. Völlurinn er uppbyggður, sem auðveldar notkun hans að vetri til. Við hvetjum alla til að njóta vallarins áfram á komandi mánuðum.

Það er alltaf gaman að taka á móti gestum úr nærsamfélaginu og í sumar og haust höfum við m.a. fengið heimsóknir frá nemendum Menntaskólans á Laugarvatni og Reykholtsskóla. Þá var orkusýningin í Ljósafossi einkar vel sótt í sumar, en ríflega 6.000 gestir heiðruðu okkur með nærveru sinni. Við þökkum þeim kærlega fyrir komuna.

Kalt sumar og lág vatnsstaða

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mörgum að vatnsstaða í lónum Landsvirkjunar hefur verið með lakasta móti að undanfögnu, þrátt fyrir talsverða úrkomu í byggð. Skýrist þetta einkum af því hve kalt sumarið var, sem dró úr bráðnun jökla, auk þess sem úrkoman náði ekki eins mikið upp á hálendið og ætla hefði mátt. Stöðvarnar þrjár í Soginu, Steingrímsstöð, Ljósafossstöð og Írafossstöð, búa vel að því hve vatnsrennsli í gegnum þær er stöðugt, en engu að síður verður starfsfólk þeirra vart við lægri vatnsstöðu en áður. Þannig er grunnvatnsstaða sögulega lág, og því mikilvægt að nýta vel allt vatn sem rennur um aflstöðvarnar.



Ljósifoss skartaði sínu fegursta

Eitt af því sem við leggjum áherslu á hjá Landsvirkjun er gott viðhald og eftirlit með vélum. Fyrir utan daglegt eftirlit og rekstur er hver vél stöðvuð í þrjá daga á hverju ári til að sinna viðhaldi, en að auki eru lengri stopp á þriggja, sex og tólf ára fresti.

Vél 2 í Ljósafossvirkjun er einmitt í tólf ára skoðun í október og nóvember. Þá er vélin stöðvuð í þrjár vikur, vatnstæmd og skoðuð nákvæmlega. Allt starfsfólk Sogssvæðisins, auk annarra innan fyrirtækisins, kemur að þessari vinnu, enda tækifærið nýtt til endurbóta á svæðum sem ekki er hægt að komast að á meðan vél er í rekstri. Ein af afleiðingum vélastopps í Ljósafossi er að hleypa þarf vatni fram hjá vélunum og Ljósifoss var því sýnilegur og skartaði sínu fegursta á meðan.